

**Ed.**

### **334. Frumvarp**

til laga um innheimtu skulda.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

#### **1. gr.**

Samkvæmt lögum þessum má innheimta vixla, skuldabréf og aðrar skriflega viðurkenndar kröfur, svo og skuldir, sem stofnaðar eru við verzlun eða annað slíkt fyrirtæki, sem bókhaldsskylt er að lögum, enda falli þau viðskipti, sem skuldin er sprottin af, undir þá grein atvinnunnar, sem bókhaldsskyldan nær til.

Ef um er að ræða skuld, sem ekki er skriflega viðurkennd, er það skilyrði til þess að hún verði innheimt samkvæmt neðantöldum ákvæðum, að hún hafi verið bókfærð í þá bók eða bækur, sem skylda var til.

#### **2. gr.**

Sá, sem innheimta vill skuld samkvæmt lögum þessum, skal senda héraðsdómara, þar sem skuldunautur á heima, beiðni um, að hann gefi út kröfubréf á hendur skuldunaut.

Í beiðni skal tekið fram:

1. Nöfn beggja aðila, staða og heimili, svo að ekki verði um villt.
2. Upphæð kröfunnar, og frá hvaða tíma vexti skuli telja, ef þeirra er krafizt.
3. Að skuldin óskist innheimt samkvæmt lögum þessum. Fylgja skal gjald það, er samkvæmt reglugerð er ákveðið fyrir störf dómara, svo og birtingar- og réttargjöld.

Sé um að ræða skuld, sem ekki er skriflega viðurkennd, skulu fylgja beiðninni tvö eftirrit úr þeirri bók eða þeim bókum skuldareiganda, er viðskiptin bar lögum samkvæmt að bókfesta í, og skal sýnt sundurliðað, fyrir hvað skuldin er og hvenær stofnuð.

Eftirrit skulu notarialiter staðfest með athugasemd um, að bókin sé að því er séð verði greinilega og löglega færð.

Sé um skriflega viðurkennda skuld að ræða, skal senda hina skjalfestu viðurkenningu, ásamt eftirriti af henni, staðfestu sem áður segir.

#### **3. gr.**

Er héraðsdómara hefir borizt beiðni, sem uppfyllir framangreind skilyrði, skal hann gefa út kröfubréf á hendur skuldunaut. Ef sérstök ástæða er til

Þess að ætla, að krafan sé ekki á rökum reist, eigi gjaldkræf eða athugasemdir að einhverju leyti, skal beiðanda gert aðvart um, hverju áfátt sé. Ef hann bætir ekki úr því án óþarfa dráttar, vísar dómari beiðni frá með úrskurði.

Í kröfubréfi skal greina þau atriði, sem nefnd eru í 2. gr. 1., 2. og 3., en auk þess:

Að skuldunaut beri, að viðlagðri aðför, að greiða dómaramunum í skrifstofu hans kröfuna, ásamt vöxtum og kostnaði, innan frests, er dómari tiltekur eftir atvikum og í samræmi við stefnufrest í almennum einkamálum í héraði, eða að hefja andmæli fyrir þann tíma.

Frestur telst frá birtingu kröfubréfs, en birtingu annast stefnuvottar að tilhlutun dómaramans.

Ef um er að ræða kröfu, sem komin er að fyrningu, riftist fyrning, þegar beiðni um kröfubréf hefir verið afhent.

Að lokinni birtingu skal tafarlaust endursenda dómara kröfubréfið með vottorði um birtinguna.

#### 4. gr.

Nú koma fram andmæli innan hins ákveðna frests, er dómara sýnast kunna vera á rökum byggð, og skal hann þá tilkynna þau skuldareiganda, jafnframt því sem hann tilkynnir báðum aðilum, að mál verði fyrir tekið um kröfuna á fresti, er dómari tiltekur eftir öllum atvikum. Skal það mál síðan rekið sem gestaréttarmál í þeirri þinghá, er skuldin var stofnuð í, nema því aðeins, að annað varnarþing hafi sérstaklega verið um samið.

Eigi annar dómari en sá, er beiðnin var send, aðild gestaréttarmálsins, skal honum og tilkynnt, en skjölin send beiðanda.

#### 5. gr.

Ef um útlenda kröfu er að ræða, skal málið rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur.

Séu andmæli ekki hafin á réttum tíma, eða séu þau sýnilega rakalaus, skrifar dómari á kröfubréfið, hverju krafan nemi með vöxtum og kostnaði og að þar sem krafan hafi engum andmælum sætt, megi framkvæma aðför fyrir upphæðinni þrem dögum eftir að aðfararheimildin sé birt. Sér hann síðan um birtinguna, enda skal bréfið endursent honum með árituðu birtingarvottorði, þegar birting hefir farið fram.

#### 6. gr.

Kröfubréf, sem sætt hefir þeirri meðferð, sem rætt er um að framan, er aðfararhæft eins og undirréttardómur, en skjóta má málsefninu og málsmeðferðinni til æðra dóms og bera þar fram varnir og gögn, þótt eigi hafi fyrr komið fram. Um slíka áfrýjun fer annars á sama hátt og áfrýjun venjulegra einkamála.

#### 7. gr.

Hafi þess verið beiðt í beiðni þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að aðför verði framkvæmd og gjald það, sem greiða ber fyrir störf fólgeta samkv. reglu-gerð, jafnframt verið sent, skal fólgeti án frekari beiðni framkvæma gerðina og

annast innheimtuna, þar með talið að sjá um sölu þess, er aðför var gerð í, innheimta andvirði þess, og senda síðan skuldareiganda það, sem honum ber, að frádregnum kostnaði.

Ekki þarf skuldareigandi að mæta eða láta mæta við gerðina.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við, þótt beiðni um aðför hafi engin verið í hinni upphaflegu beiðni, ef ný beiðni er síðar send, aðfarar óskað og gjald sent samkv. því, er tilskilið kann að verða í reglugerð.

Beiðni um aðför verður þó því aðeins sinnt, að fjárnám mætti fram fara, ef um dóm væri að ræða.

#### 8. gr.

Fyrir útgáfu greiðslu- og aðfararskipunar greiðist hvert sinn gjald í ríkissjóð sama og fyrir útgáfu undirdómsstefnu. Fyrir aðför og uppboð greiðast gjöld í ríkissjóð lögum samkvæmt. Gangi mál til dóms, greiðast venjuleg réttargjöld.

#### 9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyriræli um einstök atriði málsmeðferðar samkvæmt lögum þessum, semur fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir kröfur, bréf og beiðnir og setur gjaldskrá um greiðslur fyrir störf dómara og fógeta samkvæmt lögum.

### Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið samið að tilhlutun kaupsýslumanna í Reykjavík og fylgdu því eftirfarandi skýringar frá hendi höfundar:

„Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve skuldaskipti eru almenn í viðskiptum manna hér á landi. Og hitt er ekki síður kunnugt, hve innheimta skulda er erfið. Veldur þar margt um, en ekki sít strangformbundin meðferð hinna einföldustu mála og úrelt varnarþingsákvæði, er hvorttveggja veldur óhæfilegum seinagangi á allri innheimtu og miklum kostnaði, þótt allt gangi sémilega eftir því sem ástæður leyfa, en oft einnig fullkomnu réttleysi þeirra, sem fé eiga að heimta.

Þess er engin von, að hægt sé að komast hjá margháttuðum skuldaskiptum, og verður því afleiðing þessa ástands sú, að stórfelld vanhöld verða á skuldum. Komast þá þeir skuldareigendur, sem ekki eru fjárhagslega sterkir, í vandræði. Lenda þá skuldheimtumenn þeirra í sömu fordæmingunni. Síðan koll af kolli, til bankanna eða útlendra lánardrottna.

Töp þau, sem þannig verða, greiða síðan skilamenn í hækkuðum vöxtum og dýrum vörum.

Þetta ástand er óviðunandi með öllu. Innheimta skulda á að vera svo greið og kostnaðarlítill, sem frekast er unnt, en þó að sjálfsgöðu þannig, að réttur skuldunauts sé tryggður.

Í þeim tilgangi er frumvarp þetta samið.

Það er að nokkru sniðið eftir þýzkum lögum: Zivilprozessordnung 30.

jan. 1877, 7. kafla, eins og þau eru, og nefna Þjóðverjar þessa málsmeðferð „Mahnverfahren“. Ýmsu er þó vikið við og á annan veg sett, vegna staðhátta hér og vegna þess, að taka verður tillit til þeirra danskra og norskra tvö hundruð ára gömlu laga og tilskipana, er hér gilda um réttarfar.

Aðalmunurinn, sem er á þessu frumvarpi og gildandi lögum, er sá, að yfirleitt er dómari nú að mestu hlutlaus um gang máls og meðferð, og annast aðilar það. Samkv. frumvarpinu er til þess ætlazt, að dómari vinni að málinu í embættisnafni, er til hans hefir verið leitað, svipað og nú á sér stað t. d. um innheimtu opinberra gjalda.

Önnur aðalbreytingin er sú, að ekki er ætlazt til, að neinn dómur sé kveðinn upp, nema þegar skuldunautur hreyfir andmælum. Er þetta í rauninni sjálfsögð regla, því að þar sem enginn ágreiningur er, þarf ekki að skera úr neinu. Hitt er tryggt, að skuldheimtumaður geti ekki gengið að, nema dómari hafi sannfærzt um lögmæti kröfunnar. Aðferðin verður í rauninni sú, ef rikjandi ástand er haft í huga, að stefnan ein nægir sem aðfararheimild, og aðförin líkust lögtaki.

Málsmeðferðin, sem hér er farið fram á að lögfesta, hefir að grundvelli sömu hugsun og kemur fram í 10. gr. Ts. 15/8 1832, en þó lengra farið.

Um einstakar greinar skal tekið fram:

#### Um 1. gr.

Hér er svið frumvarpsins markað. Heimildin til þeirrar málsmeðferðar, sem um ræðir, nær aðeins til krafna, sem eru viðurkenndar skriflega, en til allra slíkra krafna. Auk þess ná þau til skulda, sem stofnaðar eru við bókhaldsskylt fyrirtæki, t. d. verzlánir, en þó með þeim sjálfsögðu skilyrðum, er greinin setur.

#### Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í rauninni ekki verulegt nýmæli, því að samkv. gildandi lögum eiga menn kröfu til þess, að dómari búi til stefnu, og er það, sem hér er talið, hið sama og dómari þarf að vita til þess að búa stefnu til.

Skjölin, sem þurfa að fylgja, eru nauðsynleg, vegna þess að skuldunautur verður að fá tækifæri til þess að athuga þau, og er til þess ætlazt, að honum séu afhent eftirritin, þegar birting fer fram, sbr. 3. gr.

#### Um 3. gr.

Hér eru ákvæði um, að dómari skuli athuga, hvort krafan verði heimt að lögum. Hann synjar um birtingu, t. d. ef krafan er fyrnd, ekki gjaldkræf o. s. frv., en rétt þykir, að formlegur úrskurður sé upp kveðinn. Í greininni er talað um, að dómari vísi beiðninni frá. Í því liggur, að þótt um sé að ræða ástæðu, sem annars mundi valda sýknu, t. d. aðildarskortur, þá verður ekki sýknað, og beiðandi hefir því opna leið til venjulegrar dómsleiðar eða þá áfrýjunar, ef hann kýs. Um riftingarregluna á fyrningu má e. t. v. deila og kann sumum að finnast réttara, að hún sé talin frá birtingu kröfubréfs. Hitt er þó í

samræmi við fyrningu lögtaksréttar t. d., og auk þess ekki óeðlilegt, þar sem skuldareigandi hefir gert sitt til, er hann hefir sent beiðnina.

Annars gefur greinin ekki tilefni til athugasemda.

#### Um 4. gr.

Málsmeðferðin, sem frumvarpið fer fram á, á ekki við, ef ágreiningur er. Ef skuldunautur hefur andmæli, er því ætlað til, að málið verði rekið á venjulegan hátt. Þó eru í greininni nokkur afbrigði. Mál skal rekið fyrir gestarétti. Flestar þær skuldir, sem hér ræðir um, mundi hvort sem er mega reka fyrir gestarétti, því að slíkt er oftast tekið fram í skriflegum skuldarviðurkeningum eða lögboðið um aðrar skuldir, er hér koma til greina, sbr. t. d. lög nr. 33/1911 og 59/1905. Varnarþingsreglan — að mál skuli rekið þar, sem skuldin var stofnuð, er í samræmi við lög nr. 59/1905, en hið fortakslausu orðalag „skal“ er viðhaft vegna þess, að samkvæmt frumvarpinu er krafan send þeim dómara, sem lögsögu á yfir skuldunaut, en gestaréttarmálið er rekið þar, sem skuldin var stofnuð. Oft á því annar dómari að fara með málið heldur en sá, sem beiðnina fékk í upphafi, en hinn síðarnefndi á að tilkynna aðilum, að málið verði tekið fyrir. Til þess að ekki þurfi að tefja sig á að fá upplýsingar um, fyrir hvaða rétti reka skuli málið, verður það því að vera ákveðið strax. Þessi tilkynning dómarsins til aðila samsvarar stefnu, og rétt að hún sé höfð í slíku formi. Eigi annar dómari að fara með málið, verður tilkynningin sem utanréttarstefna. Því þarf ekki að tilkynna hlutaðeigandi dómara, en skjölin ber að senda skuldareiganda eða umboðsmanni hans.

Einfaldara væri, að sá dómari, er beiðnin var send í upphafi, færi alltaf með málið, til loka, en þar sem skuldareigandi yrði þá mun verr settur heldur en nú er hann samkv. lögum 59/1905, þykir það ekki fært, enda væri þá að nokkru tekið með annari hendi það, sem gefið er með hinni, ef skuldunautur gæti með rakalítlum andmælum spillt öllum rétti, er skuldheimtumanni er ætlaður samkvæmt lögum þessum, og einnig rétti hans samkv. öðrum réttarbótum. Þess má t. d. geta hér, að málflytningarmenn eru mjög óviða nema hér í Reykjavík, en aðrir fást naumast til skuldheimtu, og í kaupúnum eða sveitum, þar sem hver þekkir annan, er þeim, sem innheimtu tekur að sér án þess að hafa gert slíkt sér að atvinnu, legið á hálsi og aðgerðir þeirra taldar sprotnar af persónulegri óvild til skuldunauts. Má því heita ógerningur að innheimta nema með aðstoð málfilm., sem að visu er nægjanlega dýr, þótt ekki bætist við ferðalög, jafnvel í aðra landsfjórðunga.

Eigi þykir ástæða til, að útlendingar séu verr settir en innlendir menn, því að nóg hafa vandræðin um skuldainnheimtu spillt lánstrausti landsmanna erlendis. Þess vegna er sett ákvæðið um gestarétt Reykjavíkur að því er þá snertir.

#### Um 5. gr.

Þegar dómari hefir gengið úr skugga um, að krafan megi verða innheimt samkv. frumvarpi þessu og skuldunautur hefir ekki notað gefið tilefni til athugasemda, má ganga að því visu, að krafan sé réttmæt og þurfi ekki frek-

ari rannsóknar við. Hún er því eftir þessa meðferð aðfarargrundvöllur, en birtingu þarf að sjálfsögðu, og sér dómari um hana sem annað.

#### Um 6. gr.

Að sjálfsögðu ber ekki að gera kröfubréf, sem hér ræðir um, réttlæerra en venjulegan dóm. Það er því heimilt að áfrýja samkvæmt almennum reglum, og aðför verður ekki framkvæmd t. d. ef áfrýjunarstefna er lögð fram, sbr. síðasta lið 7. gr., nema þar sem sérstakar reglur gilda, eins og t. d. um víxla.

Yfirleitt er kröfubréf, sem sætt hefir þeirri meðferð, er frumvarpið fjallar um, sett jafnfætis undirréttardómi i öllum greinum, sem við getur átt, hvort heldur er um að ræða efnis- eða formsatriði.

#### Um 7. gr.

Hér eru ákvæðin, sem fjalla um aðförina sjálfa, og er hún eins og um lögtak væri að ræða.

#### Um 8. gr.

Hér segir um gjöld þau, er greiða ber i rikissjóð. Yfirleitt greiðast venjuleg gjöld, en sé aðeins um að ræða útgáfu greiðslu- og aðfararskipunar, greiðast engin réttargjöld fyrr en til aðfarar kemur, nema gjöld þau, sem greinin telur. Vitanlega má hækka þau, ef ástæða þykir til, en upphæðin, sem hér er sett, virðist bezt i samræmi við aukatekjulögin.

#### Um 9. gr.

Ýms atriði þarf vitanlega að kveða nánar á um, og að sjálfsögðu ber að greiða dómara, auk réttargjalda, sem 8. gr. fjallar um, þóknun fyrir störf hans og aukinn kostnað i sambandi við nýmæli frumvarpsins. Virðist rétt, að þeir fái sjálfir þá þóknun, þar sem störf þeirra eru aukin.